

Nr. 21.

62

12. janúar 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 256 23. júní 1977 um gatnagerðargjöld
í Egilsstaðahreppi, S.-Múlasýslu.

3. gr. orðist svo:

„Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt á fjórum árum með jöfnum afborgunum.

Lánin verði verðtryggð eða með sömu kjörum og Bygðasjóður lánar sveitarfélögum til varanlegrar gatnagerðar. Sé gjaldið staðgreitt verður gefinn 10% afsláttur.

Gjalddagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.“

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 22.

25. janúar 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti
dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er 480,00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 40,00 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1982.

Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. reglugerðar nr. 147 24. febrúar 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. janúar 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.